

Nefndasvið Alþingis — Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Dags. 17.11.2014
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2011-272
0.5

Með erindi dags. 4. nóvember óskaði Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs (26. mál – þingskjal 26).

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Veðurstofan lítur stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs jákvæðum augum.

Texti tillögunnar er almennt orðaður og ekkert sérstakt þar sem ástæða þykir til að gera athugasemdir við.

Þó skal nefnt að kæmi til stofnunar þjóðgarðs þyrfti að vera tryggt að starfsmenn Veðurstofunnar gætu farið ferða sinna að vori og hausti til afkomumælinga á jöklinum og til vitjana í ýmsum mælistöðvum í nánd hans.

Þá skal bent á villu í greinargerð frumvarpsins. Hofsjökull er um 850 km² að flatarmáli, ekki tæpir 1.000 km²

Virðingarfyllst



Hafdís Karlsdóttir
staðgengill forstjóra VÍ